

# Orlof fyrir eldri borgara

Á fimmtudag næstkomandi, 7. nóvember, kl. 14.30, verður kynning í Húsi eldri borgara á Ólafsfirði á orlofsbúðum fyrir eldri borgara á Löngumýri í Skagafirði, sem íslenska þjóðkirkjan hefur í áratugi rekið þar. Þar geta 30 manns dvalið í hvert sinn, í eins, tveggja eða þriggja manna herbergjum. Sundlaug og heitur pottur eru á staðnum og aðgengi mjög gott sem og öll önnur aðstaða. Alls komast sex hópar að næsta sumar, frá 24. maí til 10. júlí.

Sjá nánar á meðfylgjandi veggspjaldi og [hér](#).



Veggspjald og texti: Aðsent.